

Umhverfis- og skipulagsráð dags. 11. mars 2026.

Tillaga Kjartans Magnússonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hönnun Miklubrautarganga

Lagt er til að við hönnun Miklubrautarganga verði miðað við að þau rúmi sex akreinar, með 3+3 útfærslu, í því skyni að auka afkastagetu ganganna og bæta umferðarflæði.

Greinargerð

Fyrirhugað er að setja Miklubraut í jarðgöng á 2,8 km. kafla milli Snorrabrautar og austur fyrir Grensásveg. Göngunum er ætlað að greiða fyrir samgöngum og bæta umferðaröryggi fyrir alla vegfarendur, akandi, gangandi, hjólandi sem og farþega almenningssamgangna. Þá er ætlunin að bæta hljóðvist og loftgæði á löngum kafla Miklubrautar og tengja saman íbúahverfi beggja megin hennar.

Við undirbúning verkefnisins hefur hingað til verið miðað við svokallaða 2+2 útfærslu ganganna, þ.e. að þær verði með tveimur akreinum í hvora átt. Ólíklegt er að einungis fjórar akreinar dugi til að tryggja gott umferðarflæði í göngunum. Nú þegar myndast langar raðir á Miklubraut á annatímum. Æskilegt er að við hönnun svo umfangsmikils verkefnis verði leitast við að bregðast við því ástandi með því að auka umferðarrýmnd og greiða þannig fyrir umferð. Að öðrum kosti er líklegt að umrædd framkvæmd hafi lítil sem engin jákvæð áhrif á umferðarflæði á þessari mikilvægu stofnbraut.

Með 2+2 útfærslu er einnig hætt á að verkefnið þjóni ekki þeim tilgangi sínum að sem mest umferð fari af Miklubraut niður í göngin. Það gæti haft í för með sér að verulegur hluti umferðar um Miklubraut leit upp á yfirborðið og inn í nærliggjandi íbúahverfi.

Samkvæmt umferðartalningum (frá árunum 2022-2025) er sólarhringsumferð á þeim köflum Miklubrautar, þar sem göngin eru fyrirhuguð, eftirfarandi.

Snorrabraut – Lönguhlíð. 43 þúsund bifreiðar.

Lönguhlíð – Kringlumýrarbraut. 43 þúsund bifreiðar.

Kringlumýrarbraut – Háaleitisbraut. 51 þúsund bifreiðar.

Háaleitisbraut – Grensásvegur. 59 þúsund bifreiðar.

Miðað við ofangreindar tölur er nú þegar ástæða til að hanna Miklubrautargöng miðað við að þau rúmi sex akreinar fyrir almenna umferð með 3+3 útfærslu. Þar sem umferð um Miklubraut hefur aukist og mun aukast enn frekar með frekari þéttingu byggðar í vesturhluta borgarinnar er ljóst að full þörf er fyrir fleiri akreinum í göngunum en miðað er við í núverandi hönnun. Æskilegt er að breidd ganganna sé í samræmi við raunverulega þörf til framtíðar og við hönnun þeirra verði miðað við 3+3 útfærslu.

